

Fimmtudaginn 10. febrúar 1994 kl. 16:00

26. fundur Samkeppnisráðs

Samþykkt nr. 4/1994

**Kæra Hrefnu Friðriksdóttur hdl,
f.h. HMM Topp 40, á hendur Spori h.f.**

Samkeppnisráð hefur fjallað um kæru Hrefnu Friðriksdóttur hdl., dagsetta 3. desember 1993, f.h. forsvarsmanna HMM Topp 40, um að Spor h.f. hafi brotið ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993. Spor h.f. er kært fyrir að hafa hækkað verð á hljómdiskum til HMM Topp 40 sem í reynd jafngildi sölusynjun. Lögmaðurinn kveður Spor h.f. hafa gripið til fyrrgreindra aðgerða eftir að HMM Topp 40 hafði selt hljómdiska um nokkurn tíma á lægra verði en tíðkast í mörgum hljómplötuverslunum.

Smásölumarkaðurinn fyrir hljómdiska hefur að undanfögnu einkennst af því m.a. að verðlagningu hefur í meginatriðum verið stjórnað af dreifingaraðilum hljómdiska í heildsölu. Það hefur leitt til þess að nánast sama smásöluverð er á hljómdiskum í markaðsráðandi smásöluverslunum.

Þegar HMM Topp 40 hóf starfsemi síðla árs 1993 fékk fyrirtækið afgreidda hljómdiska hjá Spori h.f., án athugasemda, á sömu kjörum og aðrar hljómplötuverslanir þ.e. 33% afslátt frá viðmiðunarverði Spors h.f. í smásölu.

Í byrjun desember hækkaði Spor h.f. heildsöluverðið á hljómdiskum til HMM Topp 40. Hækkun á heildsöluverði Spors h.f. mun ekki hafa náð til fleiri hljómplötuverslana.

Samkeppnisráð hefur kynnt sér þau gögn sem ráðinu hafa borist vegna kæru Hrefnu Friðriksdóttur hdl., f.h. HMM Topp 40, á hendur Spori h.f. (sjá lista yfir gögn).

HMM Topp 40 er nýtt fyrirtæki á markaðnum fyrir hljómdiska. Fyrirtækið er nýr kostur fyrir neytendur þar sem það hefur boðið lægra verð á hljómdiskum en aðrar hljómplötuverslanir.

Með hliðsjón af framanrituðu og með vísan til þess sem fram kemur í gögnum málsins telur Samkeppnisráð að skyndileg verðhækkun Spors h.f. á hljómdiskum í heildsölu til HMM Topp 40 feli í sér samkeppnishindrun sem brýtur í bága við 17. gr. sbr. 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Samkeppnisráð mælist til þess að Spor h.f. selji hljómdiska í heildsölu til HMM Topp 40, verði þess óskað, með sömu kjörum og í gildi voru áður en Spor h.f. hækkaði heildsöluverð á hljómdiskum til HMM Topp 40 í desember 1993.

Gögn lögð til grundvallar samþykkt Samkeppnisráðs nr. 4/1994

1. Kæra Hrefnu Friðriksdóttur hdl f.h. HMM Topp 40, dags. 3. desember 1993, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Gunnars Jónssonar hdl f.h. Spors h.f., dags. 9. desember 1993.
3. Bréf Hrefnu Friðriksdóttur hdl f.h. HMM Topp 40 dags., 14. desember 1993.
4. Bréf Gunnars Jónssonar hdl f.h. Spors h.f., dags. 6. janúar 1994
5. Greinargerð Samkeppnisstofnunar frá janúar 1994.
6. Bréf Hrefnu Friðriksdóttur hdl f.h. HMM Topp 40, dags. 27. janúar 1994.
7. Bréf Gunnars Jónssonar hdl f.h. Spors h.f., dags. 27. janúar 1994.
8. Bréf Samkeppnisstofnunar til Gunnars Jónssonar hdl, dags. 27. janúar 1994.
9. Bréf Gunnars Jónssonar hdl f.h. Spors h.f., dags. 31. janúar 1994.
10. Myndrit, dags. 1. febrúar 1994, frá Gunnari Jónssyni hdl f.h. Spors h.f. með afriti af reikningum Spors h.f.